

Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, (25. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér ríkisstjórninni verði falið að stofna ráðgjafastofu fyrirtækja.

Við fyrri umfjöllun þessa máls sendi Viðskiptaráð Íslands inn umsögn sína þar sem raktar voru þær athugasemdir sem ráðið hefur við tillöguna og þær forsendur sem eru þar að baki. Fyrri umsögn er því reifuð hér á ný.

Viðskiptaráð tekur vissulega undir áhyggjur flutningsmanna tillögu þessarar. Staða íslensks atvinnulífs er afar bágborin sökum núverandi efnahagsástands og án skjótra aðgerða til úrbóta af hálfu hins opinbera er næsta víst að atvinnulífinu mun hraka enn frekar. Þar skipta hins vegar mestu aðgerðir er miða að endurreisn bankakerfisins og að koma á efnahagslegum stöðugleika, til skemmri og lengri tíma.

Hvað þessa tillögu varðar þá stangast á tvö grundvallarsjónarmið. Annars vegar mikilvægi þess að viðhalda stöðugu atvinnulífi og þar með ásættanlegu atvinnustigi og hins vegar hversu langt hið opinbera á að ganga í þeim efnum og þá hvort stofna eigi opinberar einingar í samkeppni við einkaaðila. Hvað síðarnefnda sjónarmiðið varðar þá hefur Viðskiptaráð ávallt verið mótfallið því að hið opinbera taki á einhvern hátt þátt á samkeppnismörkuðum. Með stofnun ráðgjafastofu af þessu tagi væri sú staða líklegast komin upp, enda veitir fjöldi einkafyrirtækja nú þegar þjónustu af því tagi sem henni er ætlað að veita. Það er vissulega unnt að færa rök fyrir því að núverandi efnahagsástand sé í sjálfu sér næg ástæða til að gera undanþágu frá þessu. Að auki er alveg víst að einyrkjar og lítil og meðalstór fyrirtæki standa verr að vígi þegar kemur að fjárhagslegri endurskipulagningu en stærri fyrirtæki og rík ástæða getur verið til að koma sérstaklega til móts við þau.


Að mati Viðskiptaráðs verður þó ávallt að staldra við og meta hvort tillögur af þessu tagi, og fordæmið sem þær setja, séu annars vegar vænlegar til lengri tíma litið og hins vegar hvort unnt sé að ná tilgangi þeirra með öðrum og vægari hætti. Hvað fyrrnefnda atriðið varðar er ljóst að ef ráðgjafastofa af þessu tagi tekur til sín töluverð viðskipti frá einkafyrirtækjum á þessum markaði þá munu þau verða fyrir verulegum búsifjum. Það kallar á aðhaldsaðgerðir sem gætu leitt til uppsagna og með því hefði ráðgjafastofan öndverð áhrif m.v. upphaflegan tilgang. Slík þróun myndi jafnframt skekkja samkeppnisstöðu einkafyrirtækja á þessum markaði, en þar vísast til álits Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 þar sem segir: *“Reynsla annarra ríkja af efnahagskreppum og rannsóknir fræðimanna sýna að aðgerðir til þess að efla samkeppni stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífsins. Sömu heimildir sýna að ráðstafanir sem takmarka samkeppni framlengja og auka á efnahagsörðugleika og vinna þar með gegn bata.”*

Þó ljóst sé af tillögu þessari að um neyðarúrræði sé að ræða er rétt að velta því upp hvort ráðgjafastofan gefi síðar meir átyllu til svipaðra og/eða umfangsmeiri aðgerða á öðrum samkeppnissviðum. Það er því mat Viðskiptaráðs að ef unnt er að ná sömu markmiðum með öðrum og vægari hætti, t.a.m. að upplýsa með skilmerkilegum um hætti helstu opinberu úrræðin á sviði fjárhagslegrar endurskipulagningar og vísa þar til þeirra aðila sem veita sambærilega þjónustu og ráðgjafastofunni er ætlað, er rík ástæða til að gera svo.

Þrátt fyrir framangreint þá sýnist undirrituðum sem svo að flutningsmenn tillögu þessarar hafi hugað að þessum álitaeftum við smíði tillögunnar. Þar vísast einkum til greinargerðar hennar þar sem segir: *“Stofna myndi leiða samvinnu endurskoðenda, fjármálastofnana, lögfræðinga, skiptastjóra, dómstóla, Ábyrgðarsjóðs launa og ríkisskattstjóra til að hjálpa rekstraraðilum að komast út úr erfiðleikum eða taka ákvörðun um rekstrarstöðvun.”* M.v. þetta virðist það ekki vera ætlunin að stofna ríkisráðgjafafyrirtæki í samkeppni við einkaaðila heldur öðru fremur að auka aðgengi fyrirtækja í rekstrarörðugleikum að einka- og opinberum aðilum á þessu sviði og efla markvisst samstarf á milli þessara aðila til hags fyrir umrædd fyrirtæki. Sé það reyndin er tillaga þessi allra góðra gjalda verð.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands